

Haustið 2023 kom Guðmundur Engilbertsson með námskeið þar sem aðferðir Orð af orði voru rifjaðar upp. En Húnaskóli (þá Blönduskóli og Húnavallaskóli) hafði áður tekið þátt í innleiðingu Orð af orði með skólum á svæðinu.

Orð af orði er kennslufræði sem hefur þann tilgang að efla læsi og námsárangur barna og ungmenna. Heitið sprettur af orðaleik þar sem „orðaforði“ er sundurgreint á frumlegan hátt í orð-af-orði.

Orð af orði er hugmynda-, kennslu- og aðferðafræði sem hefur að markmiði að efla læsi og námsárangur grunnskólabarna. Lögð er áhersla á að efla málumhverfi, kenna markvisst aðferðir við að sundurgreina námsefni og orð, greina merkingu og inntak, tengsl við annað efni, kortleggja aðalatriði og endurbirta á fjölbreyttan og heilðrænan hátt.

Orð af orði kennslufræðin hefur gjarnan verið innleidd og henni fylgt eftir með samnefndu þróunarverkefni í grunnskólum, allt frá 1. til 10. bekkjar. Hver skóli hefur lagað hugmyndir og aðferðir verkefnis að sínu starfi og sérstöðu, mismunandi námssviðum, aldri nemenda og aðstæðum. Í verkefninu hefur námsefni verið valið út frá markmiðum aðalnámskrár og það nýtt sem efniviður í verkefnavinnunni.

Reynsla af verkefninu hefur verið góð, niðurstöður mælinga á lesskilningi, orðaforða og viðhorfum til lesturs sýna jákvæða þróun og margir skólar hafa opinberað slíkar niðurstöður. Þá hafa nokkur meistaraþrófsverkefni þar sem Orð af orði kennslufræðin hefur verið notuð til að efla nám og kennslu komið út á undanförunum árum.

[Hér](#) má lesa meira um fræðin.